SAMORKA

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforkuframleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

2. júní 2017

Umsögn Samorku um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 407. mál

Með vísan í póst frá nefndasviði Alþingis frá 16. maí, þar sem tilkynnt var að Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Samorku til umsagnar frumvarp til laga um skóga og skógrækt, þá veitir Samorka hér umsögn sína.

Fram kemur í greinargerð lagafrumvarpsins að lögð sé áhersla á „aukna útbreiðslu skóga og uppbyggingu skógarauðlindarinnar, þróun skógarnytja til verðmætasköpunar, nýsköpunar og byggðaþróunar, aðgengi fólks að skógum og jákvæð áhrif þeirra á umhverfi mannsins og lýðheilsu, vistkerfisþjónustu skóga, þ.m.t. fyrir jarðvegsvernd, vatnsvernd og líffræðilega fjölbreytni og þátt skógræktar í mótvægisaðgerðum til að stemma stigu við hnattrænum loftslagsbreytingum og aðlögun skógræktar að þeim.“

Samorka tekur vel í þau markmið sem sett eru fram í frumvarpinu, en vill koma á framfæri nokkrum ábendingum. Í fyrsta lagi benda samtökin á að taka þurfi tillit til vatnsverndarsjónarmiða í frumvarpinu. Það eru fá mál jafn mikilvæg fyrir umhverfi landsins og heilsufar þjóðarinnar og vatnsvernd. Á Íslandi er yfirgnæfandi meirihluti þess neysluvatns sem vatnsveitur skila til neytenda ómeðhöndlað. Það þýðir að til þess að tryggja heilnæmi og öryggi neysluvatnsins, þá þarf að leggja gríðarlega áherslu á vatnsverndina.

Samorka vill auk þess benda á að mikilvægt er að í lögunum sé gert ráð fyrir samhengi skógræktar við nauðsynlega uppbyggingu innviða í landinu. Þá er ekki verið að tala um að slá af þeim góðu markmiðum sem sett eru fram í frumvarpinu, einungis að tryggja að í lögunum séu ekki settar fram kröfur sem séu íþyngjandi m.t.t framkvæmda við nauðsynlega uppbygginu innviða. Samtökin leggja til að lögin verði skoðuð í þessu samhengi.

Eftirfylgjandi eru athugasemdir samtakanna við einstaka greinar frumvarpsins, en þar er að finna tvær tillögur sem miða báðar að því að tryggja að ávallt sé tekið tillit til sjónarmiða vatnsverndar við skógrækt sem getur haft áhrif á vatnsvernd.

Athugasemdir við einstaka greinar

4. grein - Landsáætlun í skógrækt

Að mati samtakanna er mikilvægt að í landsáætlun í skógrækt, verði bætt í upptalninguna að gera þurfi grein fyrir mögulegum áhrifum á vatnsvernd.

6. grein - Ræktunaráætlun

Samtökin leggja til að vatnsverndarsvæði verði sérstaklega tiltekin í greininni, í stað þess að tala um verndarsvæði almennt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

S.N.Kjærnested, 02.06.17

Sigurjón Norberg Kjærnested,

Staðgengill framkvæmdastjóra